

Úrskurður í máli 6/2016-2017

Kærandi: Jakob Jakobsson.

Kærður: Óvíst.

Kæruefni: Frétt í sjónvarpi.

Málsmeðferð

Kæran er dagsett 28. nóvember 2016. Hún var tekin fyrir á siðanefndarfundum 20. desember 2016 og 5. janúar 2017.

Málavextir

Kærandi greinir frá því, að í frétt sem flutt var í sjónvarpi daginn áður, hafi kona, sem tekin var tali í Reykjanesbæ, greint frá því að hún hafi brennst í hálsi vegna innöndunar frá kísilverksmiðju, sem staðsett er stutt frá heimili kæranda. Telur kærandi sig vera sleginn yfir því að „svona frétt skuli hafa verið sett í loftið án þess að ígrundað væri hvaða afleiðingar slíkt kynni að hafa í för með sér.“


Umfjöllun

Ekki kemur fram í kærinni að hverjum hún beinist. Siðanefnd telur kærana jafnframt vanreifaða og kæruefnið óljóst. Óhjákvæmilegt er að vísa henni frá Siðanefnd.


Úrskurður:

Máli 6/2016-2017 er vísað frá.


Reykjavík 5. janúar 2017:




Björn Vignir Sigurpálsson




Hjörtur Gíslason



Ásgeir Þór Arnason



Friðrik Þór Guðmundsson



Jóhannes Tómasson